

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 03.11.27
Ábm.	Svfr.
Afgr.	( ) Bréf ( ) St.
Lvm.	Trm

Efni: Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2023

Reykjavík, 31. október 2022

Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn. Rétt er að taka fram að öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er ókeypis.

Árið 2021 leituðu 952 einstaklingar til Stígamóta sem brotaþolar kynferðisofbeldis. Þar af voru 465 að koma á Stígamót í fyrsta skipti, en þetta er mesti fjöldi nýrra brotaþola í ráðgjöf á einu ári. Þó biðu 200 einstaklingar á biðlista eftir viðtali í lok ársins. Heildarfjöldi viðtala var 3381 á árinu og hefur ekki verið meiri frá stofnun Stígamóta. Stígamót bjóða upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotaþola kynferðisofbeldi af öllum kynjum óháð fötlun og uppruna. Einnig veitum við aðstandendum stuðning og bjóðum upp á para- og fjölskylduráðgjöf, en í fyrra sótti jafnframt metfjöldi aðstandenda viðtöl eða 96 aðilar. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur.

Í kjölfar mikillar samfélagsumræðu um kynferðisofbeldi hefur aðsókn á Stígamót aukist á síðustu árum, ekki síst í fyrra þegar varð mikil vakning í annarri bylgju #metoo á Íslandi. Þetta hefur því miður valdið því að bið eftir að komast að hjá ráðgjafa er nú að jafnaði 2-3 mánuðir, og eru um 195 manns á biðlista þegar þetta er skrifað.

Á árinu opnaði einnig hjá Stígamótum ný þjónusta sem heitir *Sjúkt spjall* en það er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni 13-20 ára um sambönd, samskipti og ofbeldi. Stígamót fóru af stað með forvarnaverkefnið *Sjúk ást* fyrir tæpum fimm árum síðan og var það alveg ljóst að samhliða því vantaði lágbröskuldabjónustu fyrir ungmenni þar sem þau gætu tjáð sig um reynslu sína í trúnaði. Sjúkt spjall svarar því ákalli en frá því í mars hafa á annað hundrað ungmenni alls staðar af landinu haft samband, meirihlutinn vegna reynslu af ofbeldi. Þau lýsa mörg grófu andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi og við sjáum líka skýrt mynstur ofbeldis í nánnum samböndum þrátt fyrir mjög ungan aldur.

Þrátt fyrir að ráðgjafarþjónusta Stígamóta sé fyrir 18 ára og eldri þá sýna tölur okkar, sem við höfum safnað í 30 ár, að 70% okkar fólks varð fyrir kynferðisofbeldi í fyrsta sinn fyrir 18 ára aldur. Það kemur okkur því ekki á óvart að mikil þörf sé fyrir Sjúkt spjall. Það er þó sláandi að sjá hvað ungmennin eiga oft erfitt með að skilgreina reynslu sína sem ofbeldi og hvað þeim þykir erfitt að segja frá í nærumhverfi sínu – þannig sitja þau oft ein árum saman í skömm, sektarkennd og þögn. Sjúkt spjall getur orðið þeirra fyrsta skref til að rjúfa einangrunina og fá aðstoð.

Rekstur Stígamóta er háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Við skorum á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu,

Stk. 44

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir  
Talskona Stígamóta